Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Málsskjöl um vegalagningargjald 1904

Aðfnr. 1370, örk 4


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

Þorláki Halldórsyni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 11 Lagt fram í bæjarþingi Reykjavíkur 30. júní 1904.
Páll Einarsson
setudómari.

Framhaldsókn

í málinu: Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Þorláki Halldórssyni.

Jeg skila hjer með hinum heiðraða rjetti skjölunum málsins № 1-10.

Hátlv. málsparturinn byrjar með því að segja að jeg hafi farið rangt með, það sem jeg sagði í síðustu sókn um kunnugleik stefnda um vegagjaldsskyldunna fyrir hann fjekk útmælda lóðina – en ef hann les aptur ummæli mína sjer jeg að hann kemst að annari niðurstöðu. Jeg vísaði til bæjarstjórnarsamþykktarinnar 4. des. 1888, 20 sem heimildi þessa álögu og hjeldi þar samkvæmt því að stefndi hafi undirgengist þann möguleika að gjaldið yrði lagt á hann sem lóðarleiganda. – Hefi hann haldið eitthvað annað er hann tók

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við lóðinni — (sem jeg neita, hvert á móti held jeg því fram að honum var kunnugt um hjeraðlútandi ákvæði) — þá hefði hann verið in errore juris, og sem ekki getur hjálpað honum neitt eptir vorum lögum.

Nú segir hæstv. mótpartur, að þessi samþykktarákvæði sjeu ekki lög — þau sjeu ógild að lögum. Hann leggur áherzluna á það, þessu til sönnunar, að § 31. í tilsk. 20. april 1872 heimili ekki það „princip" að slíkt gjald sje lagt á bæjarmenn með kaupstaðarsamþykktinni — (sem nýtr indirect verður hið sama spursmál einungis hitt: „hvort tilsk. „útiloka" principið) — En jeg get ekki sjeð að hann hafi fært neina sennilega rök fyrir lagaþýðingu sinni. Orðum þessar 31. gr. tilsk. sjálfrar eins og hún er. — Í greininni eru ýms ákvæði sem bendi á ríflegt vald bæjarstjórnar til þess að leggja slík gjöld á sem hjer ræðir um sbr. ákvæðið um heimild til þess að setja nýjar „reglur" um niðurjöfnunina eptir efnum og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ástandi." – Sú heimild getur gripið fullkomlega jafn-
mikið inn í fjárhag bæjaranna einn og hinn. – Ég vil ekki
taka undir með skepnuna og segja að bæjarstjórnin
fái þar fyrir „tali- og kannbíð" yfir þeim – en <u>ég</u>
tel að skepnu álíti spurninguna um heimild þessa
áðurnefnda principi standa og falla með því hvort tilsk.
gefi nokkrum eða engan rétt til þess að stofna gjald-
skyldu á hendur bæjarmönnum með samþykktarvaldinu,
fái inst mér úr þessu leyst með tilvísun í þessa
ákvæði eina, þó ekki væri meira. En hér við bætist
nú annað samhliða mikilsvarðandi ákvæði í sömu
tilsk. § 19. tekur skýrt fram að landshöfðingi og
bæjarstjórn geti <u>breytt</u> reglunum sem þaráð er eftir
við niðurjöfnunina. Í 31. gr. er aðeins gjört ráð fyrir
nákvæmari reglum <u>á grundvelli</u> hinnar almennu
meginreglu um jöfnun gjaldanna eftir ~~getu~~ <u>efnum
og ástandi</u>." Það er skiljanlegt að 19. gr. gefi
víðari heimild í þessa átt heldur en 31. gr. því

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hin sjálfstæða grein ræðir um og gefur bendingar um innihald hinnar almennu samþykktar er skal semja fyrir bæjarfjelagið, en 19. gr. ræðir um sjerstakar samþykktir er má semja vegna hinhverra sjerstakra atrika. Að þessi munur sje gjörður í hinum tveim umræddu samþykktar heimildum sjest svo skírt sem verða má á 31. gr. sjálfri er ~~lætur~~ ^vísar^ einungis ~~[illegible]~~ til 3. 4. 13. 20. og 25. gr. — Jeg hef áður minnst á þessa 19. gr. tilll. en tlhefid. hefur litið það hjá sjer að svara því nokkru og er það skiljanlegt að hann vilji, þá sínu gjörsamt. hið; gjöra sem minnst úr 19. gr. því hún setur fram það princip laganna að bæjarstjórn og landshöfðingi geti lagt ömur gjöld á borgarana eftir öðrum gjaldstofni heldur en hin almenna löggjöf hefur áður gjört ráð fyrir.

Og jeg sje ekki betur heldur en að háttv. mótpartur verði að játa að það kemur hjer mikið málinu við

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að þessi grundvallarsetning tilsk. 20. apr. 1872
er samkvæm hlutarins eðli! – Stefnd. viðurkennir
gefur með þögn, að tilsk. útiloki ekki principið,
aðeins virðist sýnist hann halda því fram að það sje
ekki beint heimilað með berum orðum – sem að
eins er þó gjört eins og jeg nú hef sagt í áðurnefndri
grein tilskipunarinnar. En sjeu lacunæ í lög-
unum um þá spurning sem hjer liggur fyrir, virðist
mjer það miklu skipta, og jafnvel öllu skipta, hvort
það í raun og veru er nauðsynlegt fyrir heill og hags-
muni bæjarfjelagsins, að stjórn þess geti lagt gjöld á
í einstökum tilfellum, án þess að þurfa að bíða eptir
hinni langvinnari löggjafaraðferð. – Og eins og
lögin nú eru, þá styrkir það dröptuglega þann
skilning er bæjarstjórnir með landshöfðingjanum
á sama máli hafa að undanförnu lagt í lögin –
að skilningur þeirra er rjettur, og reglur þær
sem samdar hafa verið samkvæmt þeim skilningi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nauðsynlegar, og óhjákvæmilegar.

Að hið almenna löggjafarvald landsins hafi verið á þeirri skoðun að heimild þessi felist í hjeraðsútsvari eldri ákvæðum, og sjerstaklega, ef ekki í bága við hin almennu princip um valdsvið bæjarstjórna má sjá glögglega á því að fyrir 30 ár eða um heilan mannsaldur hefir aldrei heyrst hin einasta rödd á alþingi sem hefir dregið í efa að heimildin í samþ. um bæjarstjórn Reykjavíkur 9. okt. 1872 § 20 væri lögum samkvæm.

Þess má og geta í þessu sambandi að það er alkunnugt að í bæjarstjórn Reykjavíkur sitja og hafa setið alþingismenn fjölmargir, er þessar samþykktir hafa verið gjörðar, auk þess sem benda má á nú stöðu landshöfðingjans á alþingi. Þetta atriði styrkir þýðingu þeirrar skinþagnar sem ríkt hefir í löggjafarumkomunni sjálfri um hjeraðsútsvars ákvæði samþykktanna. – G

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæjarstjórnin leyfi, að áliti þingsins, þeirri að fyrir valdið sitt ~~líf~~ í þessu efni þá mundi ekki hafa verið þagað um það á alþingi.

Jeg vil nú ekki þreyta hinn heiðraða rjett á lengra máli um þetta atriði, en leyfi mjer að halda fast fyrir rjettarkröfum, mótmæla öllu frá mótpartinum, orð fyrir orð og lið fyrir lið og leggja málið í dóm með fyrirvara.

Reykjavík 29. júni 1904

Virðingarfyllst
Einar Benediktsson

Til
bæjarþings Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nr. 10 Lagt fram í bæjarþingi Reykjavíkur 9/6 1904
Hall Einarsson

# Útskript
úr
# byggingarnefndarbók Reykjavíkurkaupstaðar.

---

Ár 1901, þ. 9. febrúar átti byggingarnefndin fund með sér, og var þá útvísað lóð og húsastæði í Hverfisgötu þessum mönnum:

. . . . . . .

6. Þorláki Halldórssyni lóð til hús næst fyrir austan hinn síðasttöldu 25 X 50 al., og hússtæði 8 X 10 al., að stærð með skúr 3 X 4 al.

---

Allir á fundi, nema Björn Guðmundsson (erlendis) og Tryggvi Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Helgi Helgason
Magnús Benjamínsson. Eiríkur Briem.

---

Rétta útskript staðfestir

Halldór Daníelsson

Gjald 25 —
tuttugu og fimm aurar
H. D.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nr. 9 Lagt fram í bæjarþingi Reykjavíkur 9/6 1904
Páll Einarsson

Framhald varnar
í málinu: Bæjarstjórn Reykjavíkur
gegn
Þorláki Haldórssyni.

Jafnframt því að skila hjermeð aptur málsskjölunum M. 1-8 og leggja fram útskript úr byggingarnefndarbók Reykjavíkurkaupstaðar, skal jeg leyfa mjer að fara nokkrum orðum um framhald sóknar stefnanda. Fyrst og fremst skal jeg sjerstaklega leiða athygli að því, að, einsog útskriptin úr byggingarnefndarbók Reykjavíkur, sem jeg legg fram, sýnir, var stefnda útmæld lóð hans 9. febrúar 1901, en fyrst 20. febr. 1902 ákvað bæjarstjórnin að fara að gjöra það að skilyrði við útmælingar að lóðareigendur legðu fram fje til vega, svo að útmælingin til hans var alls ekki bundin því skilyrði af hálfu byggingarnefndarinnar að hann taki þátt í kostnaði við vegalagningarnar. Það er því rangt hjá stefnanda þar sem hann segir í framhaldi sóknarinnar að stefnda hafi (er hann fjekk útmælinguna) verið „kunnugt um það að bærinn lagði vegalagningargjaldið á eigendur slíkra lóða samkvæmt ályktun á almennum opinberum fundi bæjarstjórnarinnar“, enda hefur stefnandi eigi reynt að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

færa neinar sönnur á mál sitt í þessu tilliti. Í þessu máli er því aðeins um það að ræða hvort tilsk. 20. april 1872 hafi veitt heimild til þess að tekið væri upp í bæjar samþykktina umrætt ákvæði um vegalagningargjöld. Í varnarskjali stefnda er greinilega sýnt fram á að bæjarstjórn og landshöfðingi hafi hjer farið út fyrir það svæði, sem þeim er markað í tilsk. 20. apr. 1872, og fæ jeg eigi sjeð að stefnandi hafi getað hrakið það, sem stefndi hefur haldið fram hjer að lútandi. Með tilsk. 20. apr. 1872 var Reykjavíkur-kaupstað veitt autonomi innan vissra takmarka. Bæjarstjórninni var veitt vald til þess sjálf að ráða hinum og þessum málum, fari hún út fyrir þau takmörk, sem henni eru sett í tilskipuninni, eru gjörðir hennar ólöglegar og því óheimilar og ógildar. Annar flokkur bæjarmála er sá þar sem valdið er veitt bæjarstjórn og landsstjórninni í sameiningu, en fari þær út fyrir þau takmörk, sem þeim eru sett í tilskipuninni eru ákvarðanir þeirra ólöglegar og ógildar.+) Þetta virðist vera svo greinilegt sem þekast er unnt og aðalatriðið verður því skýring á 31. gr. tilskipunarinnar. Röksemdaleiðsla stefnanda í framhaldi sóknarinnar fer því alveg út fyrir það sem er kjarni málsins. Það er þýðingarlaust að tala hjer um hvað „hlutarins eðli" heimili að tekið sje upp í bæjarsamþykktina.

---

+) Tilskipunin setur bæjarstjórn og landstjórn ákveðin takmörk vegna þess að löggjafarvaldið eigi vill gefa þeim „Hal[illegible]

Takmörkin eru hjer lögákveðin og þegar þess vegna verða þau ekki ákveðin eptir „hlutarins eðli.“ Á því svæði þar sem lög eru til hljóta þau að ráða, en ekki „hlutarins eðli“ þó að lögin sjeu ekki í samræmi við það; hvort svo sje hjer eða ekki kemur því ekki til greina í þessu máli.

Stefnandi heldur því fram að hjer sje einungis spurningin um það hvort tilsk. 20. apr. 1872 útiloki „principið“ um greiðslu hins einstaka til vegarlagningar þann yfir greiðslu almennings til hins sama, en hjer[4] virðist[2] mjer[1] að[3] viðhöfð[5] sje alveg öfug aðferð. Til þess með nokkrum rjetti að geta talað hjer um „princip“ um greiðslu hins einstaka til vegarlagningar í bænum þyrfti hann fyrst að sýna fram á að optnefnd tilskipun, sem allt byggist á í þessu máli, heimilaði slíkt „princip“ og aðalatriðið er einmitt það að tilskipunin gjörir þetta alls ekki, því það er ekki hægt að nefna eitt einasta ákvæði í allri tilskipuninni sem bendi til þessa „princips“, og því er það að þegar 31. gr. tilskipunarinnar ákveður að <u>í samþykktinni megi setja nákvæmari reglur um sjerhvert atriði í bæjarstjórninni – samkvæmt grundvallarreglum þeim sem tilskipunin hefur inni að halda</u> þá er ekki með því heimilað að setja í samþykktina ákvæðið um hluttöku í vegalagningum. Þetta er nákvæmar útlistað og rökstutt í varnarskjalinu og vísast til þess. Hjer skal aðeins ennþá einu sinni tekið fram að tilskipunin inniheldur engin ákvæði sem [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

draga út úr slíka grundvallarreglu að bæjarstjórnin með samþykki landshöfðingja geti samkvæmt henni lagt vegalagningargjöld á bæjarbúa, og bæjarstjórnin hafði því enga heimild til að taka upp í samþykktina ákvæðið um vegalagningargjaldið og staðfesting landshöfðingja getur ekki gjört það löglegt.

Jeg mótmæli því framkaldi sóknar stefnanda í heild sinni og held fast við allt sem tekið er fram í varnarskjali stefnda og áður gjörðar rjettarkröfur. ~~Legg jeg~~ svo málið í dóm með venjulegum fyrirvara.

Reykjavík 8. júní 1907
Virðingarfyllst
Eggert Claessen.

Til
bæjarþings Reykjavíkurkaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framhaldsókn

í málinu: Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

Þorláki Halldórssyni.

Um leið og eg lýsi með skila aftur skjölum málsins skal eg leyfa mér útaf vörn mótpartsins að fara um nokkrum orðum um þetta mál.

Til fyrst taka þann að bæjarstjórnin hefur lýst gjett mál að flytja þegar og þeim ástæða að stefndi hefur undirgengist það, með því að taka við lóðinni einung hún var honum útmæld, að hann skyldi borga það verð fyrir lóðina sem bærinn ákvað. – Nú var stefnda kunnugt um það að bærinn lagði vegalagningargjaldið á ligendur allra lóða samkvæmt ályktun á almennum opinberum fundi bæjarstjórnarinnar. Honum var kunnugt og átti að vera kunnugt um lögs þau og opinber ákvæði sem lúta að lútu. Bæjarstjórnarsamþykkt 4. desember 1878 § 20. var fyrir löngu búin að ákveða áður en stefndi

Lagt fram á bæjarþingi Reykjavíkur Nº 8
Halld. Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á þennan hátt fyrirvaralaust tók inn lóðinni, að bæjarfjelagið hefði vald til þess að gjöra slíka gjaldi undir. Og jeg vil fyrst leggja sjerstaka áherslu á að stefndi hefur **ekki** mótmælt hvað gjaldinu líður hefur hann aðeins viljað vefengja vald bæjarfjelagins og landstjórnarinnar til þess að semja **ákvæði** þau sem hjer koma til greina.

En hjer virðist hátt. mótpartur þann hafa allt og langt í því að takmarka „autonomi" bæjarfjelagsins (í sameiningu við hið æðsta umboðsvald). – Og lög þau er hann ber fyrir sig heimila ekki slíka takmörkun. Tilsk. 9. okt. 1872 lagði **grundvöllinn** til þeirrar heimildar sem hjer ræðir um í 20. gr. – Samþ. 4. des 1888, 20 gr. tekur upp sömu **grundvallarsetning** um sjerstaka borgunarskyldu lóðareigandans til vegagjörðar. Það er engum efi á því að löggjöf vor einmitt skírt og greinilega hefur sett þann hvað eptir annað þá grundvallarsetning að einstakir lóðareigendur skyldi kostnaðinn **verða** að kljúfa því að gjaldverði lagt á þá persónulega til vegalagningar. – Og **orðalag ákvæðanna** er berýnilega og alveg hiklaust í **samræmi**

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

út á almennar rjettarreglur, að sá einstaki sem hefur meiri hagnað persónulega af reginum heldur en fjelagið í heild sinni hlutfallslega hefur, á, í fátæku bæjarfjelagi að leggja sinn skerf til fram yfir það sem almenningur borgar. – Jeg get ekki betur heldur en að lektarinn eðli sje algerlega í samræmi við rjettarreglurnar, einungis þar smátt og smátt hafa myndast gegnum almenna löggjöf vora og autonomi Kaupstaðanna. – Menn geta sagt að hjer sje ekki óhentuglega byggður – en einungis hann er byggður í feikimiklum [illegible]. Og einnig borgarar bæjarins áttu sjer lóðirnar útmældar, með stórum lóðarflákum kringum byggingarnar, og þar sem það ýmist liggur tjegt í eða nýbyggjendunum að vilja hafa sitt fyrir sig – þá er það auðsjáanlega rjettlátt og sanngjarnt að lóðareigandinn verði látinn borga fram yfir aðra borgara fyrir götuspottann framan við húsið sem hann á. Hann á í þessu einnig að hafa sitt fyrir sig.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg get ekki skilið hvernig háttv. málspartur ætlar sjer að komast fram með það að bæjarsamþykktir og aðrar opinberar reglur hafi ekki heimilað það princip að leggja á einstaka lóðareigendur þetta gjald. Öðru máli væri að gegna ef hann hefði sagt að gjaldið væri of hátt, en því hefur hann ekki haldið fram og hefur því viðurkennt kröfur stefnanda að því leyti.

Stefndi vísar í 31. gr. tilsk. 20. apríl 1872. En sú grein vísar til þess sem grundvallarreglur laganna sjálfra segja. Hjer er einungis spurningin um það hvort þessi tilskipun útiloki principið um greiðslu hins einstaka til vegalagningar fram yfir greiðslu almennings til hins sama. Mjer er óskiljanlegt að komist verði að þeirri niðurstöðu að þessi tilsk. bindi samþykktarvald kommunar hinna svo að borg. þurfi á móti viðvist nýrr tilsk. sjálf einmitt ótvíræðlega heimilar sjerstakar reglur er ákveður verða samkvæmt því sem tími og staður heimta — meðal

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeirri tryggingu er staðfestingar og synjunarvald hins æðsta umboðsvalds innanlands veitir bæði borgurunum og því opinbera gegn misbrúkun þessarar sjálfslöggjafar bæjarfjelagsins. Sjerstaklega vildi jeg undirstrika 19. gr. í tilskipuninni að strikt sem verða má varpa ábyrgðinni og hlutverkinu öllu í þessu efni á hendur landshöfðingja. Hann á að sjá, hvort rjett er eða rangt að samþykkja og ef hann samþykkir, þá verður <u>ný</u> samþykkt eða lagaboð að koma til til þess að breyta því aptur sem staðfest hann að þykja í ákvæðinum. Til eina takmörkun sem þar getur komið til greina, það eina sem gæti gjört ógilt seint ákvæði bæjarstjórnar og landshöfðingja saman væri það ef <u>stjórnarskráin</u> sjálf, eða grundvallarlöggjöf landsins ætti í bága við ákvæðið. Það væri <u>einasta</u> völdin í þessu máli ef svo væri. En hvorki hefur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stefndi einusinni leyft sjer að halda því fram sjer betur getur hann haldið því fram. Það er og mikil fjarstæða, sjerstaklega líka, þar sem hinn einstaki borgari (in casu stefndi) hefir fyrirvaralaust tekið útmælinguna eptir að hin einfalda löggjöf og autonomi bæjarins hafði fyrir löngu sett þessar reglur fyrir vegalagningar-argjaldinu. -

Það er þýðingarlaust að halda því fram að bæinn hafi ekki leyfi til að selja skilyrtð o. s. það sem tekið er fram í samkynja málum. En þó svo væri sem ekki er þá er sú vörn annaðhvort rjettur hins opinbera gegn bæjarfjelaginu, eða hinn einstaki borgari hefur fyrir hana rjett til þess að fá dóm fyrir skilyrðislausri útmæling. En þegar hann hefur tekið á móti lóðinni eins og hún er útmæld getur hann ekki með því komist hjá hinu umsamda gjaldi.

Jeg læt mjer svo nægja að mótmæla öllu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vörn hjálp. að fyrir að lið fyrir og hafði farið öllum þeim tíðum og útlistum, sjerstaklega þeim að stefnda var kunnugt um hvert ekki gat- heimilt var að selja fyrir umræðunum, og hverjum kjör- um og skilyrðum hún var bundin. Legg jeg svo málið í dóm með venjulegum fyrirvara.

Reykjavík 17. maí 1904.

Virðingarfyllst
Einar Benediktsson

Til

bæjarþings Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lagt fram i bæjarþingsrjetti Reykjavíkur N=7 21/4 04
Páll Einarsson
settudómari.

# Vörn

i málinu: Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

Þórláki Halldórssyni

Um leið og jeg skila aptur skjölum málsins, er mjer voru léð í síðasta rjettarhaldi, skal jeg virðingarfyllst leyfa mjer að fara um mál þetta nokkrum orðum.

Upptökin sú, er mál þetta er risið af, er svo til komin, að bæjarstjórnin hefir krafizt þess, að stefndi greiddi 18 Kr. 75 a., sem hún kallar vegalagningargjald, og tjáir hann eiga að greiða í því skyni, að gata hafi verið lögð fram hjá húseign hans í kaupstaðnum. Stefndi er maður löghlýðinn, og skorast eigi undan að greiða neitt lögmætt gjald, sem á hann er lagt, en hann vill á hinn bóginn eigi greiða fé, sem hann eigi telur sér skylt að greiða að lögum, og svo er um gjald það, sem mál þetta er risið út af.

Bæjarstjórnin tjáist hafa lagt gjald þetta á stefnda, samkvæmt heimild, er felist í 20. gr. samþykktar um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík frá 4. dec. 1888, sbr. 20. gr. samþykktarinnar frá 9. oct. 1872, og skal því eigi neitað, að téðar samþykktir, sem í þessu atriði eru samhljóða 21. gr. hinnar núgildandi samþykktar frá 1902, virðast í fljótu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bragdi veita bæjarstjórninni þessa heimild, ef þær eru skod-
adar einar út af fyrir sig; en þegar þess er gætt, ad allt
gildi samþykkta þessara byggist á því, ad þær eigi fari út
fyrir takmörk þau, sem þeim eru ákvedin í 31. gr. bæjar-
stjórnartilskipunarinnar frá 20. april 1872, þá verdur annad
efst á bladi.

Í 31. gr. nefndar tilskipunar er nú bæjarstjórninni ad vísu gefin heimild til þess, ad gera samþykkt, er landshöfdingi stadfestir, um ýms atridi, sem þar eru nefnd, svo sem um það, ad fela sérstökum nefndum ýms störf, um tölu bæjarfulltrúa, eindaga bæjargjalda o. fl., og enn fremur um "sérhvert atridi í bæjarstjórninni, sem þykir æskilegt ad tilhaga nákvæmar, samkvæmt grundvallarreglum þeim, sem tilskipun þessi hefur inni ad halda." Í grein þessari eru takmörkin því greinilega tiltekin, ad því er samþykktarvald bæjarstjórnarinnar snertir, og fer því mjög fjarri, ad bæjarstjórninni sé med nefndri lagagrein, eda annars stadar, veitt heimild til þess, ad taka upp í samþykktina ákvædi um vegalagningagjöld, eda önnur ný gjöld á bæjarbúa, er tilskipunin frá 20. april 1872 eigi gerir rád fyrir, enda hefur bæjarstjórnin sjálf vidurkennt þetta, þar sem hún hefir séd sig tilknúda, ad leita til löggjafarvaldsins, er um ný bæjargjöld eda breytingar eldri bæjargjalda var ad ræda, sbr. lög 19. oct. 1877 og lög 19. sept 1879.

Bæjarstjórnin hefur því, ad því er ákvædi samþykktarinnar um vegalagningagjaldid snertir, farid út fyrir takmörk samþykktarvalds síns, og afleidingin er sú, ad ákvædid er ekki

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bindandi fyrir bæjarbúa, né heldur neinar ályktanir byggingarnefndar eða bæjarstjórnar, sem á þessu ólöglega ákvæði byggjast.
Staðfesting landshöfðinga á samþykktunum hvort sem hún er sprottin af athugaleysi eða misskilningi á 31. gr. tilskipunar 20. apríl 1872, gjörir að sjálfsögðu enga breytingu í þessu efni, þar sem staðfestingarvald landshöfðinga er nákvæmlega sömu takmörkum bundið sem samþykktavald bæjarstjórnarinnar.
Þar sem því enn fremur af hálfu stefnandans er haldið fram að stefnda hafi verið tilkynnt þessi ályktun bæjarstjórnarinnar, neita jeg því gagngjört, að svo hafi verið, eins og jeg líka neita því, að útmæling hans hafi verið bundin nokkru skilyrði um greiðslu til vegalagningar fram með lóð hans, eða hann hafi á nokkurn hátt undirgengist að greiða slíkt gjald.
Jeg skal og enn fremur leyfa mér að benda á það, að bæjarstjórnina brast heimild til þess að binda útmælingar nokkru slíku skilyrði, þar sem henni var skylt að láta lóðirnar af hendi ókeypis, án þess að áskilja nokkurt gjald fyrir, sbr. tilskipun um frihelt kaupstaðanna á Íslandi frá 17. nóv. 1786, 5. gr. - Þetta hefir og bæjarstjórnin viðurkennt, þar sem hún hefir séð sig tilknúða, að leita heimildar löggjafarvaldsins til lóðarsölu, sbr. lög 3. oct. 1903; en vegalagningargjald, sem skilyrði fyrir útmælingu, er í raun og veru ekkert annað, en nokkurs konar lóðasala, eða kemur að minnsta kosti alveg í sama stað niður.
Að bæjarstjórnin hefur látið líða nær 30 ár, frá því er ákvæðið um vegalagningargjaldið var fyrst tekið upp í samþykkt kaupstaðarins, þar til hún fer að beita því, virðist og ljóslega benda til þess, að hún hefir verið sér þess meðvitandi, að gjald þetta myndi ærið hæpin tekjugrein fyrir kaupstað-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

inu, og hefdi bæjarstjórninni ætíð verið sæmst, að fylgja sömu reglunni framvegis, í stað þess að fara nú að reyna að beita þessu ákvæði gegn þátækum mönnum í útkverfum kaupstaðarins, sem virðist afar-ósanngjarnt, þar sem allur þorri bæjarbúa hefur áður fengið götur eða vegi að lóðum sínum, og ekki þurft að greiða neitt sérstakt gjald í því skyni, enda gerir bæjarstjórnartilskipunin frá 20. apríl 1872 eða önnur löggjöf kaupstaðarins alls ekki ráð fyrir sérstökum gjaldaálögum til vega eða gatna, en ætlast þvert á móti til þess, að bæjarfélagið verji til þeirra útgjalda niðurjöfnunargjaldinu og öðrum lögboðnum tekjum.

Að lokum skal jeg geta þess, að aðferð bæjarstjórnarinnar í þessu máli virðist hafa verið fremur einræðisleg, þar sem hún áskilur sömu ákveðna upphæð fyrir hverja alin, án alls tillits til þess, hvað hver alin götunnar hefir í raun og veru kostað, og án þess stefnda hafi verið gefinn kostur á að kynna sér sundurliðaðan reikning yfir kostnaðinn við götulagninguna, eða átt kost á að kæra yfir gjaldinu, eins og öðrum niðurjöfnuðum gjöldum.

Jeg finn svo eigi ástæðu til að fara frekari orðum um mál þetta að svo stöddu, en mótmæli inu og öllu, lið fyrir lið, sem fram er komið af stefnandans hálfu, og leyfi mér að gera þær

<u>réttarkröfur</u>:

<u>að</u> stefndi verði algjörlega sýknaður í máli þessu, og
<u>að</u> stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað eptir mati réttarins.

Legg jeg svo málið í dóm með venjulegum fyrirvara.

Reykjavík 21. apríl 1904
Virðingarfyllst
Guðm. Hannesson

Til
Bæjarþings Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 6. Lagt fram í bæjarþingi Reykjavíkur 7. apríl 1904

Páll Einarsson
setudómari

# Sókn

í málinu: Bæjarstjórn Reykjavíkur

gegn

Þorláki Halldórssyni.

Jeg leyfi mjer hjer með að leggja fram sáttakæru og stefnu í málinu og 2 útskriftir úr bæjarstjórnarbók Reykjavíkur ásamt með umboðsskjali mínu til þess að flytja málið.

Eins og hin framlögðu skjöl bera með sjer hefur stefndi, sem fengið hefur útmælingu að lóð við Hverfisgötu hjer í bænum verið skyldaður til þess á sama hátt sem aðrir eigendur lóða við þá götu, að borga 18 krónur 75 aura í vegalagningargjald til bæjarsjóðs Reykjavíkur og hefur hann verið krafinn um upphæð þessa samkvæmt ályktun bæjarstjórnarinnar hjer og með fullkominni heimild hinna opinberu fyrirmæla er að þessu lúta, einsog tekið er fram í framlögðum skjölum málsins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þrátt fyrir þetta hefur stefndi látið farast fyrir að greiða hið sanngjarna gjald, sem í þennan hátt hefur eptir ráðstöfun bæjarstjórnar verið ákveðið til þess að auka verðmæti lóðar sem stefndi hefur fengið útmælda frá henni, og hefur bæjarstjórnin fyrir þessa mólþyrnu orðið neydd til þess að beita lögsókn útaf smáupphæð þessari.

Um leið og jeg skírskota til hinna framlögðu málsskjala um málstað bæjarins gegn stefnda, leyfi jeg mjer að gjöra þá rjettarkröfu, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða bæjarsjóði Reykjavíkur framannefnt gjald Kr. 18,75 aura og að borga allan kostnað máls þessa með einhverri upphæð nægilegri eptir mati rjettarins?

Legg jeg svo málið í dóm með venjulegum fyrirvara.

Reykjavík 6. apríl 1904

Virðingarfyllst

Einar Benediktsson

Til

bæjarþings Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 5 Lagt fram í bæjarþingi Reykjavíkur 7. apríl 1904
Halld. Einarsson
setudómari

# Útskript
## úr
## bæjarstjórnarbók Reykjavíkur.

—//—

Ár 1903, fimmtudaginn 19. nóvember var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

. . . . . . . . .

10. Bæjarstjórnin samþykkti að innheimta með lögsókn, ef á þarf að halda, tillög, sem ógreidd kunna að vera, til nýrra vega frá eigendum lóða, er að hinum nýju vegum liggja.

. . . . . . . . .

Allir á fundi, nema Björn Kristjánsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Jónsson. Halldór Jónsson. G. Björnsson. Magnús Einarsson. Sig. Thoroddsen. Þórh. Bjarnarson. Kristján Þorgrímsson. Sighvatur Bjarnason. Tryggvi Gunnarsson. Jón Magnússon. Ólafur Ólafsson. Hannes Hafliðason.

\+ + +

Ár 1904, fimmtudaginn 18. febrúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

. . . . . . . . .

11. Bæjarstjórnin fól formanni sínum, að flytja eða láta flytja mál það, er höfðað er út til innheimtu tillaga til vegalagninga nýrra gatna, sbr. fund 19. nóv. f. á. 10. tölulið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bjarni Kristjánssyni og Magnús Einarssyni.

Fundi slitið

Halldór Daníelsson. Halldór Jónsson.
Tryggvi Gunnarsson. Kristján Jónsson.
Kristján Þorgrímsson. Sig. Thoroddsen. Þórh. Bjarnarson.
Sighvatur Bjarnason. G. Björnsson. Ólafur Ólafsson.
Hannes Hafliðason. Jón Magnússon.

Rjett útskrift staðfestir.

Halldór Daníelsson

Samkvæmt framanskráðum fundargjörðum veiti jeg hjer með hr. Einari Benediktssyni yfirrjettar-málaflutningsmanni fullt og óskorað umboð til að flytja fyrir bæjarþingi Reykjavíkur mál það, sem bæjarstjórnin hefur höfðað með sáttakæru dags. 10. f.m. á hendur Þorláki Halldórssyni húsmanni við Hverfisgötu til greiðslu á ólokna tillagi til vegarlagningar á Hverfisgötu.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 25. maí 1904.

Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 4 Lagt fram í bæjarþingi Reykjavíkur 7. april 1904
Hall. Einarsson
setudómari

# Útskript
úr
# bæjarstjórnarbók Reykjavíkur.

---

Ár 1902, fimmtudaginn 6. febrúar var haldinn reglulegur fundur í bæjarstjórninni:

1. . . . Ályktað að leita tillögu byggingarnefndar um það, hvernig framfylgja skuli hið fyrsta því ákvæði bæjarsamþykktarinnar, að við lagning nýrra gatna geti þeir er lóð eiga að, orðið skyldaðir til að leggja til kostnaðarins við vegalagninguna.

. . . . . . . . .

Allir á fundi, nema T. Bjarnason.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Jón Jensson.
Tryggvi Gunnarsson. Magnús Benjamínsson.
Sighvatur Bjarnason. Halldór Jónsson.
Þórh. Bjarnason. Ólafur Ólafsson.

Ár 1902, fimmtudaginn hinn 20. febrúarmánaðar var haldinn reglulegur fundur í bæjarstjórninni.

. . . . . . . . .

2. Byggingarnefndargjörð frá 15. og 18. þ. m. lesin upp og samþykkt. Álitinu um niðurjöfnun á kostnaði við lagning nýrra gatna var þó frestað til næsta fundar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Allir á fundi, nema Magnús Benjamínsson

Fundi slitið

Halldór Daníelsson. Halldór Jónsson.
Jón Jensson. Tryggvi Gunnarsson. Sig. Thoroddsen.
Ólafur Ólafsson. Þórh. Bjarnarson.

# Útskript
## úr
## byggingarnefndarbók Reykjavíkur Kaupstaðar.

Ár 1902, þriðjudaginn 18. febrúar átti byggingarnefndin fund með sjer, og tók þá fyrir þessi mál:

. . . . . . . . . .

3. Bæjarstjórnin hefur á fundi sínum 6. þ. m. ákveðið samkvæmt heimild í bæjarstjórnarsamþykktinni 4. des. 1888, 20. gr., að jafna framvegis kostnaði við nýjar vegalagningar á hlutaðeigandi lóðareigendur, og beiðst tillögu byggingarnefndarinnar um nánari tilhögun og niðurjöfnun þessa kostnaðar. Útaf þessu ljet nefndin það álit uppi, að rjettast væri að allir lóðareigendur bæru þennan kostnað tiltölulega, eins þeir, sem þegar hafa fengið útvísaðar lóðir við fyrirhugaða vegi eða vegalengingar og það, hvort sem þeir þegar hefðu reist hús á lóðinni eða eigi, með því að önnur aðferð mundi valda ójöfnuði, og að vegagjöldinu verði jafnað eptir fyrirfram gjörðri áætlun yfir allan vegagjörðarkostnaðinn tiltölulega

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

niður á hverja alinð lengd lóðanna sem að veginum liggja.

Fleira kom ekki fyrir.

Allir á fundi, nema Helgi Helgason og Magnús Benjamínsson (erlendis).

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Eiríkur Briem.
Bj. Guðmundsson. Tryggvi Gunnarsson.

# Útskript
## úr
## bæjarstjórnarbók Reykjavíkur.

Ár 1902, fimmtudaginn hinn 16. okt. var haldinn reglulegur fundur í bæjarstjórninni:

. . . . . . . . . . . .

4. Ákveðið að lóðareigendur við Hverfisgötu framlenginguna og Grettisgötu leggi til vegalagningar þar, sem nú stendur til að framkvæma, 75 a. hver af hverri hlaupandi alin í veginum fyrir sinni lóð.

. . . . . . . . . . . .

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Halldór Jónsson.
Jón Jensson. Þórh. Bjarnarson. Tryggvi Gunnarsson.
Ólafur Ólafsson. Magnús Benjamínsson.
Sig. Thoroddsen. Sighvatur Bjarnason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rjettar útskriptir staðfestir.

Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No. 3 Lagt fram í bæjarþingi Reykjavíkur 7. april 1904.
Páll Einarsson
setudómari

Á fundi sínum 20. febrúar 1902 ákvað bæjarstjórnin samkvæmt samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 9. okt. 1872 að þeir sem eiga lóð að nýjum götum skyldu taka þátt í kostnaði við lagningu veganna, og var hluttdeild lóðareigendanna í þessum kostnaði síðar ákveðin 75 aurar á hverja alin í lengd lóða meðfram götunni. Við lóðarmælingar, er eptir það fóru fram, var hlutaðeigendum tjáð þetta ákvæði bæjarstjórnarinnar, og það gjört að skilyrði fyrir útmælingunni að þeir greiddu gjaldið.

Samkvæmt þessu var lóðareigendum við Grettisgötu og Hverfisgötu á öndverðu síðastliðnu ári sendir reikningar yfir gjald það, er þeim ber að greiða til lagningar þessara gatna, þar á meðal Þorláki húsmanni Halldórssyni, eiganda lóðarinnar nr. 42. við Hverfisgötu, sem er 25 al. með götunni, svo að upphæð sú, sem hann var krafinn um nam 18 Kr. 75 aur., en það gjald hefur hann eigi enn greitt.—

Með því að bæjarstjórnin hefur ákveðið að innheimta tjeð vegarlagningargjöld með lögsókn og falið mjer framkvæmd þeirrar ályktunar, leyfi jeg mjer hjermeð að beiðast þess, að hin háttvirta sáttanefnd kalli nefndan

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þorlák Halldórsson fyrir sig ásamt nýju,
og reyni að miðla svo málum, að hann gang-
ist undir að greiða bæjarsjóði tjeð gjöld ásamt
sáttakostnaði. Takist það ekki mun jeg krefjast
þess, að málinu verði vísað til úrlausnar
dómstólanna.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 10. febr. 1904.
Virðingarfyllst.

Halldór Daníelsson

Til
sáttanefndar Reykjavíkurkaupstaðar.

Samkvæmt framan –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ritadri sáttakæru er herra Þorlákur húsmadur Halldórsson hjer í bænum kalladur fyrir sáttanefnd Reykjavíkur ásamt kærandanum á sáttafund, sem haldinn verdur þridjudaginn 16. febrúar 1904 kl. 9 árdegis í bæjarþingsstofunni hjer.

Sáttaumdæmi Reykjavíkur, 11. febrúar 1904

Gjaldið - 50 aurar -
greitt
JM

Jón Magnússon

Ár 1904, fimmtudaginn 11. febrúar mánadar höfum vid undir skrifadir eid svarnir stefnuvottar í Reykjavík birt framanritada stefnu fyrir Ástrídi Hjálmarsdóttir á heimili Þorláks Halldórssonar í húsinu № 42 vid Hverfisgötu hjer í bænum þar stefn=di var ekki heima staddur, Sömuleidis skal þess getid ad nefnd Ástridur er bústýra hjá stefnda,
Þetta vottum vid, samkvæmt stefnuvotta eidi okkar, og stadfestum med nöfnum okkar, og innsiglum

Gjaldið 50 aurar
B. S.P.

B. Björnsson Sig Pjetursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1904 16. Febr. var mál þetta tekið fyrir í sáttanefndinni. Málspartar mættu sjálfir. Sátta var leitað ~~a~~ en árangurslaust og er því málinu eptir kröfu kæranda vísað til dómstólanna.

Í sáttanefnd Reykjavíkur 16. Febr. 1904.

Jón Magnússon    Eiríkur Briem.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 2 Lagt fram í bæjarþingi Reykjavíkur 7. april 1904.
Páll Einarsson
settudómari

Jeg undirskrifaður þarf í umboði og fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur, eptir árangurslausa sáttatilraun, að lögsækja Þorlák húsmann Halldórsson hjer í bænum til greiðslu á Kr. 18,75 a., sem er gjald til vegalagningar, er honum ber að greiða sem lóðarhafa liggjandi við Hverfisgötu, samkvæmt ályktun og ákvæðum bæjarstjórnar og sjálfsögðu skilyrði fyrir útmæling á lóð hans.

Fyrir því stefnist hjermeð nefndum Þorláki húsmanni Halldórssyni í Reykjavík að mæta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið verður á venjulegum stað og tíma fimmtudaginn hinn 7. april næstkomandi til þess þar og þá að heyra sókn, bera fram vörn og þola dóm í framangreindu máli eptir nánar ákveðnum rjettarkröfum á sínum tíma um greiðslu ofannefndrar upphæðar og um málskostnað.

Reykjavík 26. marz 1904
Einar Benediktsson

Ár 1904 laugardaginn 26. marzmánaðar höfum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík birt framanritaða stefnu Þorlaki Halldórssyni húsmanni persónulega á heimili hans við Hverfisgötu hjer í bænum.

Þetta vottum, við samkvæmt stefnuvotta eiði okkar og staðfestum með nöfnum okkar og innsiglum.

Gjaldið 50 fimmtíu aurar
Greitt
B. S.P.

B Björnsson

Sig Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5/3.

**ÍSLANDS SUÐURAMT OG VESTURAMT**

Reykjavík 29. Febr. 1904.

Með því bæjarstjórnin í Reykjavík hefir farið þess á leit, að jeg vildi skipa setudómara til þess að meðhöndla og dæma mál, sem hún sjer sig knúða til að höfða á móti húseiganda Þorláki Halldórssyni hjer í bænum til greiðslu á tillagi til vegalagningar á ákveðnum stað í Reykjavíkurkaupstað, og hinn reglulegi dómari í kaupstaðnum, bæjarfógeti Halldór Daníelsson, hefir lýst því yfir 24. þ. m., að hann, sem er formaður bæjarstjórnarinnar, víki úr dómarasæti í þessu máli, skipa jeg yður hjermeð velborni herra sýslumaður, til þess að meðhöndla og dæma fyrgreint mál, og skal við meðferð þess nota meðfylgjandi bók, sem jeg hef löggilt sem dómsmálabók í Reykjavíkurkaupstað til notkunar í

Lagt fram í bæjarþingsrjetti Reykjavíkur 7/4 1904
No 1.
Páll Einarsson

Rekj. 167/1904.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þessu máli og tveimur öðrum málum.

J. Hansteen.

Hr. Páll Einarsson
Sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur